

Umhverfisstofnun  
Guðmundur B. Ingvarsson  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Tilvísun: 1.831.216

15. nóvember 2010

Varðar: Tillaga að viðbragðsáætlun og neyðaráætlun vegna urðunar úrgangs á vegum Hulu bs. á Skógarsandi. Viðbótarupplýsingar vegna áhættumats í samræmi við lög um varnir hafs og stranda nr. 33/2004.

Vísað er í viðbragðsáætlun sem send var Umhverfisstofnun vegna endurnýjunar á starfsleyfi urðunarstaðar á Skógarsandi. Markmiðið með áætluninni er að hafa stjórn á losun úrgangs ef til óhapps kemur á urðunarstaðnum. Tekið er mið af b-lið í I viðauka laga nr. 33/2004 en þar eru þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfsemi fyrir umhverfi haf og stranda og eru þeir eftirfarandi:

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfsemi.

Ekki er um að ræða önnur efni en olíu á vinnuvélar. Hefðbundnar vinnuvélar á urðunarstöðum eru með um 100-400 lítra eldsneytistank. Einnig er á vélun einhver smurolía og glussaolía. Á Skógarsandi er ekki daglegur rekstur vinnuvéla og því er ekki um að ræða umtalsvert magn af olíu í umferð á svæðinu. Engin önnur fljótandi eða hættuleg efni eiga að koma á svæðið.

2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfsemi.

Um er að ræða þunnfljótandi gasolíu. Ef olíuleki verður sest hún í sendinn jarðveginn og er tiltölulega viðráðanleg til uppmoksturs. Smurolía og glussaolía eru þykkari og því auðveldara að ná þeim upp.

3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.

Um er að ræða staðsetningu urðunarstaðar í um 2 km fjarlægð frá sjó þar sem starfsemin fer fram.

4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.

Engin bráð áhrif sjást ef til óhapps kemur.

5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

Sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Virðingarfyllt,  
Axel Valur Birgisson